



21. september 2021
Tilv.: 2109140

Dreifibréf númer: 54/2021
til váttryggingafélaga og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að reglum um staðalfrávik í tengslum við sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) hefur gefið út umræðuskjal nr. 17/2021 sem inniheldur drög að reglum sem innleiða reglugerð (ESB) til fyllingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Solvency II), sem innleidd var með lögum nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi.

Um er að ræða reglur sem innleiða framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2013 frá 11. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðalfrávik í tengslum við sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB.

Reglugerðin mælir fyrir um að í tengslum við útreikning á gjaldpolskröfu fyrir áhættueiningu heilsutrygginga í staðalreglu eigi að mæla fyrir um staðalfrávik fyrir iðgjalda- og varasjóðsáhættu í tengslum við tilgreindar, landsbundnar löggjafaráðstafanir sem heimila að greiðslum krafna vegna heilbrigðisáhættu sé skipt milli váttrygginga- og endurtryggingafélaga, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 101. gr. laga nr. 100/2016.

Samkvæmt könnun sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin gerði er sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga í Hollandi eina kerfið á Evrópska efnahagssvæðinu sem uppfyllir þær viðmiðanirnar sem settar eru fram í 4. og 5. mgr. 109. gr. a tilskipunar 2009/138/EB. Eingöngu ætti því að mæla fyrir um þau staðalfrávik sem fram koma í reglugerðinni í tengslum við hollensku sjúkratryggingarlögin (e. Zorgverzekeringswet) þar sem kveðið er á um skyldubundna grunnheilsutryggingu (e. basisverzekering) í Hollandi. Staðalfrávikin sem mælt er fyrir um í reglugerðinni hafa því verið ákvörðuð að teknu tilliti til útreikninga Seðlabanka Hollands (e. De Nederlandsche Bank).

Seðlabankinn áætlar að innleiðing reglugerðarinnar komi ekki til með að hafa áhrif á starfsemi innlendra váttryggingafélaga hér á landi að svo stöddu þar sem þau starfa ekki í tengslum við hollensku sjúkratryggingarlögin.

Reglurnar verða settar með stoð í 4. tölul. 2. mgr. 101. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 28. september nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabanka Íslands, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit



Rúnar Guðmundsson
framkvæmdastjóri
lífeyrir og váttryggingar



Guðrúnhalla Daníelsdóttir
lögfræðingur
skrifstofa bankastjóra